

Skömmu á eftir fleygði næsti maður sér frá borði og náðist hann um borð á ekki skemmri tíma en Frímánn. En hann var þá látinn. Kannske hefur álagið orðið honum um megn, því miklar lífgunartilraunir báru engan árangur. Báðir þessir menn sem við náðum voru aðeins 18 ára að aldri.

Nú var aðeins einn maður eftir. Hann mun hafa verið um fimmtugt og treysti sér ekki til að taka sömu áhættu og þeir hinir, heldur klifraði hann upp í reiðann. Þar hafðist hann við langan tíma og lýsti varðskipið á hann með ljóskösturum sínum allan tímann. En um síðir brotnaði skipið í tvennt, og framhluti skipsins hvarf í djúpið með manninn sem þarna fórst. Sú saga gekk um þennan mann að hann hefði áður lent í alvarlegu strandi og verið þá sautján tíma í reiða — og bjargast! Ekki veit ég hvort þetta hefur verið satt.

Farið var með þá sem bjargast höfðu á hestum að Stafnesi og þar var hlynnt að þeim eftir bestu getu, þeir færðir í þurr fót sem safnað hafði verið saman og gefinn heitur matur og drykkur, enda höfðu mennirnir einskis neytt í heilan sólahring.

Farið var með þau lík sem ráku í Hvalsneskirkju og nokkrum dögum síðar fann Páll Magnússon bóndi tvö lík rekin á Nýjabæjarfjöru. Var farið með þau að Hvalsnesi og þá til Reykjavíkur.

Tíu björguðust — fimmtán fórust

„Það hafði ákaflega slæm áhrif á mig og flesta okkar að hafa orðið vitni að öllum þessum hörmungum



Sigurbjörn Metúsalemsson: „Aldrei hefur dvínað aðdáun mín á þeim mönnum sem lögðu sig í slíka hættu á þessum litlu kænnum við þetta tilefni. (Ljósm.AM).“

og lengi setti að manni depurð vegna þessa. En jafnframt hefur aldrei dvínað aðdáun mín á þeim mönnum sem lögðu sig í slíka hættu á þessum litlu kænnum við þetta tilefni. Þar var sannarlega valinn maður í hverju rúmi, enda flestir kraftajötnar að burðum. Veitti heldur ekki af. Ég get ekki lagt nógu mikla áherslu á að sannarlega lögðu þessir menn sig í raunverulega lífshættu. Hvað okkur um borð í vélbátnum snerti þá tók þetta vissulega á okkur og okkar hlutverk var ekki létt — en þeir hinir eiga sérstakan heiður skilið. Sögðu enda sumir þeir sem fylgdust með þessu að þeir hafi verið jafn hræddir um þá og skipbrotsmennina.

Af Jóni forseta björguðust tíu menn, allir hásetar, en fimmtán fórust.



Trillann „Lundinn“, en á henni reri Sigurbjörn frá því snemma vors allt til ársins 1979.

Hér að endingu vil ég loks bæta við dálíttilli frásögn af atviki sem ekki gleymist. Svo hittist nefnilega á að dóttir matsveinsins á „Jóni forseta“, en hann hét Stefán Einarsson, var í vist að Bala hjá Guðmundi þennan vetur. Þegar grámaði af degi og menn voru enn að velta því fyrir sér hvert skipið mundi vera, segir þessi stúlka: „Þið þurfið ekki að segja mér neitt um það: Þetta er „Forsetinn.“ Þannig varð hún fyrst til að þekkja skipið, en á því var einnig bróðir þessarar stúlku aðstoðarmatsveinn og hét hann Árni, 16 ára gamall. Báðir fórust og síðar missti hún annan bróður sinn af „Skúla fógeta.“

Það var skömmu eftir þetta að slysavarnadeildin Sigurvon var stofnuð, en hún er stofnuð 23. júní 1928 og er elsta slysavarnadeild landsins. Árið eftir eignaðist SVFÍ svo fyrsta björgunarbát sinn og var honum valinn staður hér í Sandgerði. Þetta var breskur bátur og hlaut hann nafnið „Porsteinn.“ Þetta var mikill og góður siglari, en óþægilega þungur og ómeðfærilegur. En mikið öryggi skapaðist samt með komu hans og hér var sett á stofn sérstök björgunarsveit. Fyrsti formaðurinn á „Porsteini“, Sveinbjörn Einarsson, sem síðar var með togarann „Geir goða“, æfði menn mikið í meðferð hans. Ekki skorti mannskap við æfingarnar og tók ég þátt í þeim. Þessi bátur er enn til hér í Sandgerði og er varðveittur sem safngripur. Ekki löngu seinna kom hér svo fyrsta línubyssan og var henni í byrjun komið fyrir úti við ströndina þar sem „Jón forseti“ fórst. Deildin eflaðist svo brátt að tækjum og búnaði og er nú ein sú öflugasta á landinu.

En oft verður mér hugsað til þess hve tímarnir hafa breyst. Því valda ekki síst þessi stóru og öflugri fiskiskip. Hefði einn þessara nýmóðins togara strandað á Stafnesrifinu (sem auðvitað er ólíklegt að gæti gerst) hefði sjálfsagt mátt bíða þess í rólegheitum að veður lægði og sækja mennina út í hann þá — og hefðu þeir verið við bestu líðan. Já, ég get víst sagt að ég muni tímana tvenna.“